

Uppúr skúffunum 2003

Hugmyndasamkeppnin Uppúr skúffunum var haldin í fimmta sinn árið 2003. Verkefnið náði til allra starfsmanna og nemenda við Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss. Styrktaraðilar verkefnisins að þessu sinni voru skrifstofa rektors Háskóla Íslands, Nýsköpunarsjóður og A&P Árnason einkaleyfastofa.



Tíu hugmyndir bárust og valdi dómnefnd þrjár þeirra til verðlauna. Sigurvegari að þessu sinni var Guðný Jónsdóttir yfirsjúkraþjálfari við endurhæfingardeild Landsspítala Háskólasjúkrahús í Kópavogi með verkefnið „Hryggstoð“. Verkefnið gengur út á þróun á nýrri tegund af bakspelku fyrir fjölfatlaða einstaklinga. Ásamt Guðnýju unnu verkefnið Atli Ágústsson sjúkraþjálfari hjá Landsspítala Háskólasjúkrahúsi, Örn Ólafsson stoðtækjafraeðingur og Gunnar St. Ólafsson framkvæmdastjóri hjá Stoð h.f. í Hafnarfirði.

Jöfn í öðru og þriðja sæti voru verkefni „Sjálfræði aldraðra“ eftir Viljalm Árnason og Ástríði Stefánsdóttur og „Skyr-bar“ eftir Sigrúnu Guðnadóttur og Daða Rafnsson. Skyr-bar er viðskiptaáætlun fyrir skyndibitastað í Flórída sem sérhæfir sig í hollum og næringarríkum skyndimat unnum úr íslensku skyri. Sigrún og Daði luku prófi frá viðskiptafræðideild HÍ nú í vor. Sjálfræði aldraðra kannar sjálfræði íbúa á vistheimilum fyrir aldraða á Íslandi. Viljalmur er prófessor í siðfræði við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Ástriður er lækni og dósent við Kennaraháskóla Íslands.

Verðlaunin í ár afhenti Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands en einnig hélt Jón Sigurðsson, seðlabankastjóri, stutta tölu um tengsl atvinnulífs og háskóla. Uppúr skúffunum er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, rektors Háskóla Íslands, A&P Árnasonar einkaleyfastofu og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Í tengslum við verkefnið voru haldin námskeið um nýsköpun og nýtingu rannsóknaniðurstaðna. Staðið var fyrir tveimur námskeiðum fyrir nemendur og starfsmenn Háskóla Íslands í apríl.

Á námskeiðunum var lögð áhersla á að vinna með verkefni og hugmyndir sem þátttakendur koma fram með. Í kjölfar námskeiðsins og byggt á drögum að verkáætlun gátu þátttakendur óskað eftir frekari ráðgjöf leiðbeinanda við sérstök verkefni. Nokkur verkefnanna í samkeppninni komu einmitt fram á þessum námskeiðum.

Í dómnefnd áttu sæti Rögnvaldur Ólafsson frá Háskóla Íslands formaður, Hermann Kristjánsson framkvæmdastjóri Vaka DNG, Dr. Þorlákur Jónsson sérfræðingur frá A&P einkaleyfastofu, Dr. Þórdís Kristmundsdóttir prófessor við Háskóla Íslands og Ásta Erlingsdóttir forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

Þess má geta að í framhaldi af verkefninu Hryggstoð hafa Landsspítali háskólasjúkrahús og Stoð h.f. skrifað undir samstarfssamning um áframhaldandi þróun Hryggstoðar. Fyrirtækin hafa meðal annars sótt um styrk til CRAFT áætlunar Evrópusambandsins (nóvember 2003) og aðstoðaði Rannsóknþjónustan fyrirtækin við umsóknarskrifin.